

flytja megi út hross til sölu á erlendum markaði í nóvember- og desembermánuði **56**
1923. **21. nóv.**

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 21. nóvember 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

OPIÐ BRJEF,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1924.

57
3. des.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 18. gr. í stjórnarskrá konungsrík-
isins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi
koma saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1924.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að
hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þar þá sett
Alþingi, eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amaliuborg, 3. desbr. 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.